

Nú kemur í ljós í grunnnámi að nemi fullnægir ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til lögreglumanna hvað snertir námshæfileika, ástundun, reglusemi, framkomu og heilsufar og skal skólinn þá senda hlutaðeigandi lögreglustjóra rökstudda greinagerð um það sem áfátt þykir. Skal lögreglunemanum skýrt frá efni greinargerðarinnar.

Skólastjóri hefur á námstímanum sama agavald gagnvart kennurum og nemendum í skólanum og lögreglustjórar viðkomandi manna endranær.

4. gr.

Breytingar á greinum verða sem hér segir:
Greinar 7. - 16. verði greinar 8. - 17.

5. gr.

17. gr. falli brott.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. málsg. 9. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, öðlast gildi 10. október 1988.

Dómsmálaráðuneytið, 3. október 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 272/1988, um tollmeðferð á heimilismunum manna, sem flytja búferlum hingað til lands.

1. gr.

c. liður 1. mgr. 1. gr. reglnanna orðist svo:

Viðkomandi hafi muni þessa með sér er hann flytur búferlum eða flytji þá innan sex mánaða frá því hann tók sér bólfestu hér á landi eða öðlast hér lögheimili. Tollstjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur upphaflega verið ákveðin einungis til skemmri tíma en framlengist síðan til varanlegrar búsetu.

2. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 7. tl. 5. gr. laga nr. 55/1987, tollalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 96/1987, um breytingu á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. september 1988.

F. h. r.

Sigurgeir Jónsson.

Rúna S. Geirsdóttir.